	Hafnarfjarðarbær
Innk:	16/9 2016
Málsnr:	1511192
Bréfal:	021



Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 14. september 2016
Tilv.: IRR15070012/18.13.3

Með bréfi dags. 2. nóvember 2015 kvörtuðu fjórir bæjar- og varabæjarfulltrúar í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar yfir því hvernig staðið hefði verið að útsendingu gagna fyrir fund bæjarstjórnar 28. október 2015 þar sem fram hafi farið fyrri umræða um fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2016. Taldi ráðuneytið erindið gefa tilefni til þess að afla nánari gagna og upplýsinga um gerð og meðferð tillagna að fjárhagsáætlunum Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árin 2016 og 2017-2019 í bæjarráði og bæjarstjórn sveitarfélagsins. Var það gert var með bréfi dags. 16. nóvember 2015.

Fyrirspurn ráðuneytisins var svarað með bréfi bæjarstjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar dags. 4. desember 2015, en því fylgdu ýmis gögn tengd undirbúningi og meðferð framangreindra áætlana. Að mati ráðuneytisins gáfu svör bæjarstjóra tilefni til frekari upplýsingaöflunar áður en tekin yrði ákvörðun um framhald málsins og var því óskað eftir nánari skriflegum skýringum með bréfi dags. 15. janúar 2016. Svar barst ráðuneytinu með bréfi bæjarstjóra, dags. 24. febrúar 2016. Af svörum bæjarstjóra mátti ráða að tillaga að fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar hafi verið samþykkt við síðari umræðu á fundi bæjarstjórnar 9. desember 2015 eftir að hafa verið til umfjöllunar á fundum bæjarstjórnar 28. október og 25. nóvember s.á.

Ráðuneytið fer með almennt stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum á grundvelli XI. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (ssl.). Í því felst almennt eftirlit með því að sveitarfélög gegni skyldum sínum skv. lögum og öðrum löglegum fyrirmælum, sbr. nánar ákvæði 109. gr. ssl. Samkvæmt 112. gr. ssl. getur ráðuneytið ákveðið sjálfst að taka til formlegrar umfjöllunar stjórnsýslu sveitarfélags sem lýtur eftirliti þess og þá meðal annars gefið út leiðbeiningar um túlkun laga og stjórnsýslu sveitarfélagsins að öðru leyti, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 112. gr. ssl.

Eftir yfirferð á þeim gögnum sem fyrir liggja um undirbúning og afgreiðslu fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árin 2016-2019 er það niðurstaða ráðuneytisins að tilefni sé til útgáfu eftirfarandi leiðbeininga á grundvelli 1. tölul. 2. mgr. 112. gr. ssl. um þær reglur sem fylgja ber við undirbúning og afgreiðslu tillagna að fjárhagsáætlunum í sveitarstjórnnum.

Um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga er fjallað í VII. kafla ssl. Kemur þar fram að einungis sveitarstjórn geti tekið ákvarðanir um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, hvort sem er áætlun næstkamandi árs eða næstu fjögurra ára (1. mgr. 58. gr. ssl.). Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir

sveitarfélagið sem felur í sér heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins á tímabilinu, bæði A- og B-hluta. Skal fjárhagsáætlun næsta árs fela í sér bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins á því ári sem hún tekur til (1. mgr. 62. gr., sbr. nánar 63. gr. ssl.). Nánar er fjallað um form og efni fjárhagsáætlana sveitarfélaga í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015, sem sett er á grundvelli 75. gr. ssl.

Byggðaráð eða framkvæmdastjóri, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt um stjórn sveitarfélags, skal leggja tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert (3. mgr. 62. gr. ssl.). Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 525/2016, er það bæjarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar sem leggur tillögu að fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn skv. framangreindu, sbr. einnig 2. mgr. 50. gr. samþykktarinnar. Undirbúningur tillögu að fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar skal samkvæmt því fara fram í bæjarráði og ber fagráðum Hafnarfjarðarkaupstaðar því með réttu að beina tillögum sínum við undirbúning fjárhagsáætlunar til bæjarráðs.

Tillaga að fjárhagsáætlun, sem lögð er fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu, skal fela í sér heildstæða fjárhagsáætlun, þ.e. áætlun sem uppfyllir þær kröfur um form og efni sem fram koma í ákvæðum reglugerðar nr. 1212/2015. Þá þurfa henni að fylgja upplýsingar um þær forsendur sem byggt er á og lýsing helstu framkvæmda og skuldbindinga sem gert er ráð fyrir, sbr. 4. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Eru álagningarhlutfall útsvars og fasteignaskatts, gjaldskrár og fjárfestingaáætlun meðal mikilvægra forsendna tillögu að fjárhagsáætlun.

Sveitarstjórn skal fjalla um tillögur að fjárhagsáætlun á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða þær, þó ekki síðar en 15. desember (3. mgr. 62. gr. ssl.). Sveitarstjórn er heimilt að breyta tillögu að fjárhagsáætlun en það verður þó aðeins gert með afgreiðslu breytingartillagna á fundi sveitarstjórnar. Allar breytingar sem gerðar eru á tillögu að fjárhagsáætlun eiga því að vera rekjanlegar í fundargerðum sveitarstjórnar, eða byggðaráðs, séu þær lagðar þar fram milli umræðna, enda sé fundargerð byggðaráðs þá lögð fram á viðkomandi fundi sveitarstjórnar. Almenn er heimilt að leggja fram breytingartillögur við fjárhagsáætlun við bæði fyrri og síðari umræðu í sveitarstjórn en hafa ber þó í huga að í breytingartillögu kunna að felast svo verulegar breytingar á upphaflegri tillögu að í raun sé um nýja tillögu að fjárhagsáætlun að ræða. Þarf slík tillaga þá að fá umræðu á tveimur fundum sveitarstjórnar.

Um undirbúning funda sveitarstjórna fer eftir ákvæðum III. kafla ssl., sbr. einnig III. kafli samþykktar nr. 525/2016 varðandi bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar. Eins og þar kemur fram skal fundarboð berast bæjarfulltrúum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund og að fundarboði skuli fylgja dagskrá fundarins og þau gögn sem nauðsynleg eru til að bæjarfulltrúar geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind, sbr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga og 9. gr. samþykktar nr. 525/2016. Þurfa því tillaga bæjarráðs að fjárhagsáætlun, upplýsingar um forsendur hennar og önnur þau gögn sem henni fylgja að hafa borist bæjarfulltrúum í hendur eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund bæjarstjórnar þar sem taka á tillöguna til umræðu.


Að lokum vill ráðuneytið undirstrika mikilvægi þess að fundargerðir sveitarstjórnafrunda séu færðar með skýrum og skilmerkilegum hætti, og vísar um það til ákvæða ssl. og leiðbeininga um ritun fundargerða sveitarstjórna sem settar voru á grundvelli 2. mgr. 19. gr. ssl. og birtar með auglýsingu nr. 22/2013. Þá eru meginreglur fundarritunar í stjórnkerfi Hafnarfjarðarkaupstaðar að finna í 15. gr. samþykktar nr. 525/2016.

Áhersla er lögð á það að þau mál, sem hljóta eiga afgreiðslu sveitarstjórnar, séu færð með skýrum hætti í fundargerð sveitarstjórnar, sem og sú afgreiðsla sem þau hljóta. Þá er bent á að innihaldi fundargerðir nefnda og ráða, sem lagðar eru fram á fundi sveitarstjórnar, ályktanir eða tillögur sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, er rétt að taka þær fyrir sem sérstök mál og afgreiða með formlegum hætti, sbr. 1. mgr. 41. gr. ssl. Á þetta m.a. við um breytingartillögur við tillögu að


fjárhagsáætlun, sem fram kunna að koma í byggðaráði milli umræðna í sveitarstjórn.

Ráðuneytið væntir þess að gætt verði að þeim atriðum sem hér hafa verið rakin við undirbúning og meðferð fjárhagsáætlana í stjórnkerfi Hafnarfjarðarkaupstaðar. Þá er ráðuneytið tilbúið til að veita frekari leiðbeiningar um gildandi reglur á þessu sviði, sé þess óskað.

Fyrir hönd ráðherra



Hermann Sæmundsson



Ólafur Kr. Þórleifsson

